

**Nd.**

**239. Frumvarp**

til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

**I. KAFLI.**

**Um stjórn vitamála.**

**1. gr.**

Ráðherra hefir með höndum yfirstjórn allra vitamála í landinu.

**2. gr.**

Konungur skipar vitamálastjóra, er stjórnri framkvæmdum allra vitamála landsins og sé ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að vita- og hafnamálum.

**3. gr.**

Vitamálastjóri hefir með höndum undirbúning að og yfirstjórn við byggingu nýrra vita og gerð nýrra sjómerkja, umsjón með allri starfrækslu vita ríkisins og sjómerkja, svo og umsjón og eftirlit með vitum og sjómerkjum, sem hafnarstjórnir, sveitarstjórnir eða einstakir menn byggja eða setja upp, sbr. lög nr. 23 11. júlí 1911, lög nr. 43 14. júní 1929 og lög nr. 16 14. júní 1929.

Ennfremur má fela vitamálastjóra undirbúning, framkvæmd og eftirlit með öllum hafnarmannvirkjum, bryggjugerðum og lendingabótum, sem gerðar eru að öllu eða nokkru leyti fyrir fé ríkissjóðs eða með styrk af því.

Nánari ákvæði um starf vitamálastjóra setur ráðherra í erindisbréfi.

**4. gr.**

Um laun vitamálastjóra fer eftir launalögum. Í fjárlög skal árlega taka upp fjárveitingu til greiðslu á skrifstofukostnaði hans.

**5. gr.**

Ráðherra skipar vitaverkfræðing til aðstoðar vitamálastjóra. Um laun hans fer eftir launalögum.

**6. gr.**

Ráðherra skipar vitaverði að fengnum tillögum vitamálastjóra, með þeim kjörum, sem ákveðin eru í launalögum eða í fjárlögum.

7. gr.

Vitamálastjóri gerir árlega, í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík og forseta Fiskifélags Íslands, tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála. Skal það gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft þær tillögur til hliðsjónar, er frv. til fjárlaga er samið.

II. KAFLI.

Um byggingu vita og sjómerkja.

8. gr.

Verja skal árlega, ef ástæður ríkissjóðs leyfa, álika upphæð til vitamála og vitagjaldi nemur, meðan stendur á byggingu vita þeirra, er ræðir um í 9. gr., ennfremur ef þurfa þykir til sjómerkja, sbr. 11. gr.

9. gr.

Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og aðrar ástæður leyfa:

Á Þjófakletti í Borgarfirði .....	ljósviti
- Borgareyjum .....	—
- Rauðanesi .....	—
- Hjörtsey á Mýrum .....	—
- Búðarhrauni .....	—
- Stórfiskaskeri við Hagabót .....	—
- Bjargtöngum .....	stækkun ljósvita
- — .....	radioviti
- Vatneyri við Patreksfjörð .....	ljósviti
- Álftamýri við Arnarfjörð .....	—
- Þingeyri við Dýrafjörð .....	—
- Fjallaskaga við Dýrafjörð .....	—
- Flateyri við Önundarfjörð .....	—
- Gelti í Önundarfirði .....	radioviti
- — .....	hljóðviti
- Óshólum í Bolungavík .....	ljósviti
- Æðey .....	—
- Sléttaeyri í Jökulfjörðum .....	—
- Aðalvík .....	—
- Hornbjargi .....	radioviti
- — .....	hljóðviti
- Munaðarnesi .....	ljósviti
- Krossnesi .....	—
- Kaldrananesi .....	—
- Kjörseyri við Hrutafjörð .....	—
- Ánastaðabökkum .....	—
- Skagaströnd .....	—

Á Kálfshamarsnesi .....	stækkun	ljósvita
- Skagatá .....	stækkun	—
- Reykjadisk á Skagafirði .....		ljósviti
- Hegranesi .....		—
- Straumnesei eða Málmei .....		—
- Sauðanesi við Siglufjörð .....		—
- — — .....		hljóðviti
- Siglunesi .....		radioviti
- Grímsey .....		ljósviti
- Húsavíkurhöfða .....		—
- Snartastöðum .....		—
- Hjálmarsnesi við Þistilfjörð .....		—
- Svinalækjartanga .....		—
- Langanesi .....	stækkun	ljósvita
- — .....		radioviti
- — .....		hljóðviti
- Digranesi .....		ljósviti
- Kolbeinstanga í Vopnafirði .....		—
- Glettinganesi .....		hljóðviti
- Hellisnesi við Norðfjörð .....		ljósviti
- Grímutanga við Reyðarfjörð .....		—
- Selnesi .....		—
- Seley .....		—
- — .....		radioviti
- — .....		hljóðviti
- Hvalsnesi .....		ljósviti
- Stokknesi .....		radioviti
- Hestgerði .....		ljósviti
- Ingólfshöfða .....	stækkun	ljósvita
- Stórhöfða .....		—
- Faxaskeri .....		ljósviti
- Loftstaðahól .....		—
- Hafnarnesi við Þorlákshöfn .....		—
- Reykjanesi .....		radioviti
- — .....		hljóðviti
- Gróttu .....		radioviti
- — .....		hljóðviti

#### 10. gr.

Vitar þeir, sem taldir eru í 9. gr. skulu byggðir í þeirri röð, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum vitamálastjóra.

Eftir tillögum vitamálastjóra er ráðherra og heimilt að breyta legu víta þessara, ef það þykir hentugt eftir nánari rannsóknir á þeim svæðum, sem vitunum er ætlað að ná til.

11. gr.

Eftir tillögum vitamálastjóra (sbr. 7. gr.) getur ráðherra, eftir því sem vitafé er fyrir hendi, látið setja upp ný sjómerki og leggja út ný dufl, svo og bæta eldri vita og önnur mannvirki, sem ætluð eru sjófarendum til öryggis.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.